





EFNISYFIRLIT

Ávarp forstjóra - Hrafnkell V. Gíslason.....	2
Address of the Managing Director - Hrafnkell V. Gíslason.....	3
Fjarskiptamarkaðurinn 2003.....	4
The Electronic Communications Market in 2003.....	5
Gagnasöfnun PFS - PTA - Data Collection	7-9
Póstmarkaðurinn 2003	10
The Postal Market in 2003	11-12
Alþjóðlegt samstarf	13
International Relations	14
Starfsemi - Operations 2003	15-16
Skipurit	17
Rekstrarreikningur	18
Income statement for 2003	19



ÁVARP FORSTJÓRA – Hrafnkell V. Gíslason

Ný fjarskiptalög voru samþykkt á Alþingi á vorþingi 2003 og tóku gildi þann 25. júlí sama ár. Mikið starf er að innleiða lög þessi að fullu og þá sérstaklega þann hluta laganna sem lýtur að greiningu fjarskiptamarkaðarins. Sú krafa er gerð að öll ríki á evrópska efnahagssvæðinu noti sömu nálgun til að tryggja samræmda innleiðingu þannig að sömu leikreglur gildi á öllu svæðinu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur tekið fullan þátt í þessu starfi og er þess að vænta að niðurstöður markaðsgreiningarinnar styðji enn frekar þá þróun að litið verði á fjarskiptamarkað á Íslandi sem samhæfðan hluta af evrópskum fjarskiptamarkaði í skilningi fjarskiptalaga.

Annað nýmæli í fjarskiptalögum er að nú er útvarpsdreifi-markaður skilgreindur sem hluti af fjarskiptamarkaði. Þessi markaður er ekki mjög þróaður hérlendis og eru dreifikerfi fyrir hljóðvarp og sjónvarp yfirleitt undir stjórn sömu aðila og framleiða eða dreifa efni. Þetta er óheppileg staða til lengri tíma litið því alltaf er hætt við að fjölmiðlar sem hafa veruleg ítök í dreifingu hafi tilhneigingu til að takmarka aðgang keppinauta sinna að dreifikerfum. Undirbúningur undir stafrænt sjónvarp stóð mestallt árið. Hittust fulltrúar helstu aðila margsinnis til að reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu um dreifingu stafræns sjónvarps. Ekki náðist niðurstaða eða samkomulag í þessu efni á árinu.

Eitt af sérkennum íslensks fjarskiptamarkaðar er það að tenging fjarskiptakerfa við útlönd fer um langa og kostnaðarsama sæstrengi. Í nútímasamfélagi er þjóðarnauðsyn að tryggja með öruggum hætti fjarskipti við útlönd með a.m.k. tveim sæstrengjum auk tenginga um gervitungl. Það var því ánægjuefni þegar Farice 1 sæstrengurinn var tekinn á land haustið 2003. Markaði það upphaf þess tíma að til landsins liggi tveir sæstrengir, en það eykur til muna öryggi tenginga til landsins. Fyrirséð er að innan fárra ára þurfi að huga að nýjum sæstreng í stað Cantat III sæstrengsins til að tryggja að aukin umferð geti farið um tvo afkastamikla sæstrengi.

Árið 2002 voru miklar sviptingar á fjarskiptamarkaði og lyktaði þeim með samruna fyrirtækja sem nú starfa undir nafni Og Vodafone. Má segja að á árinu 2003 hafi þessi staða fest í sessi og nú ríki í raun tvíkeppni milli Og Vodafone og Landssímans á fjarskiptamarkaði hérlendis. Umhugsunarefni er hvort hag neytenda sé vel borgið undir slíkum kringumstæðum til lengdar.

Svo virðist sem samkeppni milli þessara keppinauta sé mikil og verð til neytenda á ýmsum sviðum er sanngjarnt miðað við erlendan samanburð. Þó er rétt að benda á að hlutfall fjarskiptakostnaðar af heildarútgjöldum heimilanna hefur aukist verulega undanfarin ár, enda er nú innifalinn mun meiri þjónusta en áður var. Því er afar mikilvægt að hagræðing og lækkun á verði búnaðar og þjónustu skili sér til neytenda í lækkuðu einingarverði í smásölu. Nauðsynlegt er að veita núverandi fyrirtækjum á fjarskiptamarkaði þétt aðhald með því að styðja og auka samkeppni á fjarskiptamarkaðnum og halda öllum dyrum opnum fyrir innkomu nýrra aðila á fjarskiptamarkað hérlendis. Á þetta bæði við um aðila sem fjárfesta vilja í netkerfum sem og þá aðila sem veita vilja þjónustu á núverandi netum.

Á póstmarkaði hefur verið framhald þróunar undanfarinna ára. Hagræðing í rekstri Íslandspósts hefur skilað sér í jákvæðri rekstrarafkomu fyrirtækisins. Er það afar jákvætt og styður þá viðleitni að auka samkeppni á þessum markaði þegar réttar aðstæður skapast með afnámi einkaréttar Íslandspósts á bréfum undir 100 grömmum og hugsanlegri einkavæðingu Íslandspósts í framhaldi af því. Samkvæmt núverandi lögum er ráðgert að lækka einkaréttarmörkin hérlendis niður í 50 grömm árið 2006. Samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins verður tekin ákvörðun fyrir árið 2009 um hvort afnema skuli einkaréttinn að fullu. Í nokkrum löndum Evrópu hefur þessari þróun verið flýtt og er þar stefnt að afnámi einkaréttarins árið 2007.

Þegar grannt er skoðað snýst starfsemi stofnana á borð við Póst- og fjarskiptastofnun um það að tryggja neytendum góða, aðgengilega og framsækna póst- og fjarskiptaþjónustu á samkeppnishæfu verði. Jafnframt er litið svo á að bæði póst- og fjarskiptaþjónusta sé grunnþjónusta og því skuli allir landsmenn hafa aðgang að slíkri þjónustu á hagkvæmum kjörum um land allt. Mikilvægt er að stoðir slíkrar þjónustu séu traustar og rekstur í jafnvægi, því gangverk atvinnulífsins krefst hnökralausrar virkni þessarar grunnþjónustu. Samkeppni er talin besta leiðin til þess að tryggja hagkvæmt verð og góða þjónustu. Það er því mikilvægt að halda óhikað áfram því verki sem er meginhlutverk stofnunarinnar að skapa umhverfi fyrir heilbrigða samkeppni þannig að landsmenn allir njóti góðs af.



ADDRESS OF THE MANAGING DIRECTOR – *Hrafnkell V. Gíslason*

During the 2003 spring parliamentary session, the Icelandic Parliament passed a new Electronic Communications Act, which took effect on 25 July the same year. The full implementation of this Act requires substantial work, particularly regarding its provisions on the analysis of the electronic communications market. All countries in the European Economic Area (EEA) are required to adopt the same regulatory approach, in order to ensure harmonised implementation and rules of play EEA-wide. The Post and Telecom Administration (PTA) has taken full part in this process, and the results of its market analysis are expected to further support the progress of the Icelandic e-communications market towards harmonisation with the European market, as defined by e-communications law.

Another important change introduced by the Electronic Communications Act is that radio and TV broadcasting are now defined as a segment of the e-communications market. The Icelandic broadcasting market is not very developed, and the same parties that produce and broadcast content, by and large, control the distribution networks as well. This is an unfortunate state of affairs in the long term, posing the risk that broadcasters with significant influence in distribution tend to limit their competitors' access to networks. Preparations for digital TV broadcasting were ongoing throughout most the year, and the representatives of major market players in this sector met many times in efforts to establish a common ground on these matters. However, no conclusion or agreement was reached in this respect during the year.

A key feature of the Icelandic e-communications market is its international telecommunications connection via long and cost-intensive submarine transmission cables. Secure international telecommunications connections are vital for Iceland's modern society, and require at least two submarine cables in addition to satellites. Hence, it was a milestone when the FARICE-1 submarine transmission cable was finally drawn ashore in Iceland in the autumn of 2003, thereby linking Iceland and Scotland via the Faroe Islands. For the first time, Iceland had a double international connection via separate optical cables, marking a substantial increase in security. The older CANTAT-3 submarine cable is expected to be replaced in a few years, which will enable increased traffic to be carried via two high-capacity cables including FARICE-1.

The year 2002 saw significant developments in the Icelandic telecoms market. The year 2003 can be described as having

consolidated these developments, producing a de facto market duopoly between Og Vodafone and Iceland Telecom. Whether this is beneficial in the long term for consumers is certainly food for thought. Competition between the two companies appears to be rife, and prices are, in various respects, favourable compared to prices overseas. However, telecommunications costs as a proportion of total household expenses have risen significantly in the past few years, as they now include a much wider range of services than previously. Therefore, it is of the utmost importance that streamlining measures, price reductions on equipment and lowered bandwidth unit prices deliver lower retail unit prices to the consumer. In addition, the current operators in the telecoms market need to be kept on a tight rein by encouraging and increasing competition as well as keeping all doors open for new market entrants. This applies both to investors in networks and service providers wishing access to current networks.

In the postal services market, the trend of preceding years has continued. The rationalisation of Iceland Post's operations has delivered its positive performance. This is indeed good news and will support our efforts to step up competition in this market when the right conditions have been established by abolishing Iceland Post's monopoly right to deliver letters under 100g and followed by possible privatization of Iceland Post. Under the current Postal Services Act, the weight limit for letters in such reserved service is set to be reduced to 50g in 2006. Moreover, pursuant to EU Directives, a decision will be made before 2009 whether to abolish this monopoly right completely. A number of European countries have already expedited this process, and plan to abolish their respective monopolies in 2007.

In a nutshell, national regulatory authorities such as the PTA are about ensuring high-quality, accessible and progressive postal and e-communications services at competitive prices for the benefit of all businesses and consumers. Since postal and e-communications services are defined as basic services, all Icelanders are entitled to them at favourable terms throughout the country. The keystones of such services must be solid, and their operations must be stable, because the clockwork of our economy is dependent on their seamless functionality. Competition is believed to be the best way to ensure favourable prices and good service. Therefore, the PTA must carry on its primary role of creating a framework conducive to healthy competition for the benefit of all Icelanders.

FJARSKIPTAMARKAÐURINN 2003

Eitt það markverðasta sem gerðist á árinu 2003 var að hinn 25. júlí tóku gildi á Íslandi ný lög um fjarskipti, nr. 81/2003. Með lögnum voru innleiddar fjórar tilskipanir Evrópusambandsins um fjarskipti og ein tilskipun um persónuvernd í fjarskiptum. Hinni nýju fjarskiptalöggjöf er ætlað að skapa einsleit starfsskilyrði fyrir fjarskiptafyrirtæki í Evrópu, takmarka hindranir og skapa skilyrði fyrir sjálfbæra samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur.

Sú merkilega staða kom hins vegar upp að þegar lögini tóku gildi höfðu þær tilskipanir sem þau innleiða ekki verið teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ástæða þess var sú að Lichtenstein óskaði eftir sérstakri aðlögun og samningaumleitunir við framkvæmdastjórn ESB drógust á langinn og í lok ársins var ekki fyrir séð hvenær tilskipanirnar yrðu teknar inn í samninginn. Þetta hefur það í för með sér að nýju fjarskiptalögini eru túlkuð með hliðsjón af eldri tilskipunum á sviði fjarskipta þar til þær nýju hafa tekið gildi á Evrópska efnahagsvæðinu. Póst- og fjarskiptastofnun telur að þessi töl hafi ekki áhrif á framkvæmd laganna eins og stendur.

Með hinum nýju fjarskiptalögum urðu breytingar á útnefningu fyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild. Við mat á markaðsráðandi stöðu er nú beitt reglum samkeppnisréttarins í stað þess að miða við 25% markaðshlutdeild eins og gert var í eldri lögum. Hin nýju fjarskiptalög leggja þær skyldur á Póst- og fjarskiptastofnun að skilgreina fyrirfram ákveðna fjarskiptamarkaði eftir vöru- og þjónustutegundum og landsvæðum í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar skv. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt er stonuninni skylt að greina þessa ákveðnu markaði og kanna hvort á þeim ríki virk samkeppni. Verði niðurstaðan sú að á viðkomandi markaði ríki ekki virk samkeppni vegna þess að eitt eða fleiri fyrirtæki eru með umtalsverða markaðshlutdeild ber stofnuninni að útnefna þau sem slík og leggja á þau viðeigandi kvaðir. Það ber að leggja a.m.k. eina kvöð á fyrirtæki sem hefur verið útnefnt með umtalsverða markaðshlutdeild.

Í kjölfar gildistöku laganna hófst undirbúningur fyrir markaðsgreiningu hjá stofnuninni. Kynningarfundur var haldinn þann 6. október fyrir fjarskiptafyrirtæki þar sem kynntar voru nýjar aðferðir við markaðsgreiningu á fjarskiptamörkuðum og áætlun stofnunarinnar um framkvæmd greiningarinnar. Fyrsti liður markaðsgreiningar er að afla nauðsynlegra upplýsinga frá fyrirtækjum sem starfa á viðkomandi markaði.

Fyrstu spurningalistarnir vegna markaðsgreiningar voru sendir út í nóvember og höfðu þeir að geyma spurningar um farsímamarkaðina.

Önnur veigamikil breyting í nýju fjarskiptalögnum er að ekki er lengur krafist rekstrarleyfis til að stunda fjarskiptastarfsemi heldur er öllum fjarskiptafyrirtækjum heimilt að hefja starfsemi skv. almennri heimild að undangenginni tilkynningu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Almennum heimildum fylgja ákveðin lágmarksréttindi og skilyrði sem Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja. Þessum breytingum er ætlað einfalda tilkomu nýrra fyrirtækja á fjarskiptamarkaði og einfalda stjórnsýslu á þessu sviði.

Aðrar meginbreytingar sem nýju fjarskiptalögini hafa að geyma eru m.a. að staðfestur er formlegur samruni fjarskipta og útvarps og eru reglur um dreifingu útvarps að finna í lögnum, ítarlegri ákvæði um vernd notenda fjarskiptaþjónustu og réttur notenda til lágmarksþjónustu í talsíma- og gagnaflutningi í alþjónustu er tryggður.

Með ákvörðun, dags. 15. júlí, komst Póst- og fjarskiptastofnun að þeirri niðurstöðu að Og fjarskipti hf. hefði umtalsverða markaðshlutdeild á markaði fyrir farsímanet og farsímaþjónustu. Jafnframt komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Og fjarskipti hf. hefði ekki umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaði. Forsaga málsins er sú að í desember 2002 krafðist Landssími Íslands hf. þess að Og fjarskipti hf. yrði útnefnt með umtalsverða markaðshlutdeild bæði á farsíma- og samtengingarmarkaði.

Landssími Íslands hf. kærði til Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála þann hluta ákvörðunar stofnunarinnar að útnefna Og fjarskipti hf. ekki með umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaði. Með úrskurði, dags. 21. október, felldi Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála úr gildi ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 15. júlí og komst að þeirri niðurstöðu að Og fjarskipti hf. skuli teljast fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaði. Útnefning Og fjarskipta hf. hefur í för með sér skyldu þess til að verða við beiðnum um tengingu við fjarskiptanet félagsins, gæta jafnræðis og veita aðgang að nauðsynlegum upplýsingum vegna samtenginga.

Báðar framangreindar niðurstöður voru byggðar á eldri fjarskiptalögum nr. 107/1999 og verða þær endurskoðaðar í kjölfar



markaðsgreiningar á viðkomandi mörkuðum. Þess má jafnframt geta að Landssími Íslands hf. hefur einnig verið útnefnt með umtalsverða markaðshlutdeild skv. eldri lögum á öllum sviðum fjarskipta. Þær útnefningar og álagðar kvaðir verða einnig endurskoðaðar í kjölfar markaðsgreiningar skv. nýju fjarskiptalögum.

Á farsímamarkaðinum urðu þau tíðindi í apríl að Landssíma Íslands hf. var með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar gert að lækka heildsöluverð inn í GSM farsímanet sitt um 15% að meðaltali frá og með 1. júní. Lækkun þessi var talin gefa fjarskiptafyrirtækjum svigrúm til þess að lækka verð til neytenda á símaþjónustu sem tengist farsímakerfi Landssíma Íslands hf. Póst- og fjarskiptastofnun telur að þróun heildsöliverðs sé með svipuðum hætti hér og erlendis.

Eftir sameiningu þriggja fjarskiptafyrirtækja á árinu 2002, Íslands-síma, Tals og Halló! Frjálsra fjarskipta, ákvað hið nýja sameinaða félag í apríl að taka upp nýtt nafn. Heitir félagið framvegis OG Vodafone í öllum viðskiptum hér á landi en formlegt nafn þess er Og fjarskipti hf. Nafnabreyting þessi var gerð í kjölfar samnings við alþjóðlega fjarskiptafyrirtækið Vodafone um samstarf í markaðs- og solumálum og þjónustu- og tæknimálum.

Skráðum fyrirtækjum fjölgaði á árinu. Póst- og fjarskiptastofnun nýskráði 10 fyrirtæki og afskráði 5. Í árslok voru skráð fjarskiptafyrirtæki samtals 44. Þetta er svipað og árið á undan en þá voru skráð fyrirtæki alls 41 í árslok 2002.

THE ELECTRONIC COMMUNICATIONS MARKET IN 2003

Among the most important events of 2003 for the Icelandic electronic communications sector was the entry into force on 25 July of a new Electronic Communications Act No. 81/2003. Through this legislation, four EU electronic communications Directives and one Directive concerning personal data and the protection of privacy were incorporated into Icelandic law. The new EU regulatory framework for electronic communications networks and services is intended to provide harmonised operating conditions for telecom operators in Europe, limit

regulatory restrictions and produce conditions conducive to sustainable competition for the benefit of consumers.

The strange situation occurred, however, that upon the entry into force of the new Icelandic law the Directives had not yet been incorporated into the Agreement on the European Economic Area. The reason for this was that Liechtenstein requested a special adaptation, and negotiations with the European Commission took longer than expected, with the result that at year-end the date on which the Directives would be incorporated into the Agreement was still uncertain. Therefore, the new Electronic Communications Act will at first be interpreted from the perspective of older electronic communications Directives until the new ones have entered into force in the European Economic Area. The Post and Telecom Administration (PTA) is of the opinion that this delay does not affect the implementation of the Act for the time being.

The new Act stipulates changes regarding the designation of undertakings as having significant market power. The assessment of significant market power is now based on the principles of competition law, instead of a 25% market shares as in the previous Act. The new Electronic Communications Act stipulates that the PTA shall define certain telecommunications markets beforehand (ex ante) by product and service type and geographic dimensions in accordance with the principles of competition law and obligations under the EEA Agreement. In addition, the PTA must analyse those defined markets and determine whether competition in them is effective. If it finds that competition in the market in question is not effective because one or more undertakings have significant market power, the PTA must designate them as such and impose appropriate regulatory obligations on them. At least one regulatory obligation must be imposed on an undertaking designated as having significant market power.

In the wake of the entry into force of the Act, the PTA started preparations for conducting market analysis. A meeting for telecom operators was held on 6 October, where new methods of the market analysis and the PTA's schedule for performing its analysis were introduced. The first step in its strategy is to collect the necessary data from the operators in the market in question.



The first market analysis questionnaires were distributed in November, and contained questions about mobile telephony markets.

Another important change is that, under the new Act, undertakings are no longer required to hold an operating licence to operate electronic communications networks and provide electronic communications services. All electronic communications undertakings may start operations under a general authorisation subject to prior notice to the PTA. The general authorisation establishes specific minimum rights and requirements as defined by the PTA. These changes are intended to simplify the entry of new undertakings into the electronic communications market as well as government regulation of this sector.

Other important aspects of the new Electronic Communications Act include a confirmation of the formal integration of telecommunications and broadcasting, and the Act contains provisions on the distribution of radio and television broadcasts. It also contains more detailed provisions regarding the protection of users of electronic communications services and the rights of users to minimum voice telephony and data transmission services within universal service is guaranteed.

In a Decision dated 15 July, the PTA came to the conclusion that Og Fjarskipti hf. had significant market power (SMP) in the market for mobile networks and mobile telephony services. However, the PTA found that Og Fjarskipti did not have SMP in the interconnection market. The background to this case is that, in December 2002, Iceland Telecom hf. requested the SMP designation of Og Fjarskipti in both the mobile and interconnection market.

Iceland Telecom appealed the part of the PTA's Decision holding that Og Fjarskipti did not have SMP in the interconnection market to the Appellate Committee for Electronic Communications and Postal Affairs. In a Decision dated 21 October, the Appellate Committee reversed the PTA's Decision dated 15 July and found that Og Fjarskipti should also be regarded as having SMP in the interconnection market. The SMP designation of Og Fjarskipti imposes an obligation on the company to meet requests for connection to its electronic

communications networks, ensure non-discrimination and grant access to necessary information relating to interconnections.

Both of the above decisions were based on the older Electronic Communications Act No. 107/1999, and will be reviewed following the analysis of the markets in question. It may be noted that Iceland Telecom has also been designated as having SMP under previous law in all areas of telecommunications. These designations and the regulatory obligations that have been imposed will also be reviewed following market analysis pursuant to the new Electronic Communications Act.

Another notable event occurred in April when the PTA instructed Iceland Telecom to reduce its wholesale price for interconnection to its GSM mobile network by an average of 15% as of 1 June. This markdown is thought to enable mobile operators to lower prices to consumers of telephony services connected to Iceland Telecom's mobile network. The PTA finds that wholesale price trends in Iceland are similar to trends overseas.

Following the merger of the three telecoms operators Íslandssími, Tal and Halló! Frjáls fjarskipti, the merged company decided on a new name in April. Og Vodafone is the company's new dual-brand name for all of its business activities in Iceland, and its legal name is Og Fjarskipti hf. This name change was made following a conclusion co-operation agreement with the international telecommunications company Vodafone Group of in marketing and sales as well as service and technological matters.

The number of registered telecommunications operators increased during the year. There were 10 new registrations, and 5 older registrations were deactivated. At year-end, the total number of registered telecom operators was 44. This is a figure similar to that of the preceding year, as registered operators were 41 at year-end 2002.



GAGNASÖFNUN PFS / PTA DATA COLLECTION

Póst og fjarskiptastofnun hefur safnað á ársgrundvelli tölulegum upplýsingum úr rekstri leyfisskyldra og skráðra fyrirtækja á fjarskiptamarkaði frá árinu 2000. Í upphafi árs 2001 var einnig hafist handa við að afla helstu upplýsinga ársfjórðungslega sem reyndist of krefjandi fyrir PFS og einnig hjá smærri fyrirtækjum á markaði en víðtækur samruni fyrirtækja á markaði á árinu 2002 gerði það að verkum að enn erfiðara reyndist að afla tilskilinna gagna. Er skipulagning markaðsgreiningar hófst upp úr miðju ári 2003 var gagnasöfnun PFS tekin til endurskipulagningar. Niðurstaðan var sú að færa tölulega upplýsingaöflun frá fyrirtækjum til samræmis við aðrar eftirlitsstofnir í Evrópu í þeim tilgangi að auðvelda alþjóðlegan samanburð, framkvæma sérstaka gagnasöfnun fyrir markaðsgreiningu á fyrirfram skilgreindum 18 mörkuðum ESB og efla neytenda- og verðlagsrannsóknir. Frá árinu 2004 hefur PFS safnað ítarlegum upplýsingum frá fjarskiptafyrirtækjum á hálfis árs fresti. Tölulegum upplýsingum fyrir fyrri hluta árs er aflað í ágúst og síðan allt árið í febrúar fyrir liðið ár. Eftirfarandi upplýsingar ættu að gefa yfirlit um þróun og umfang fyrirtækja á íslenskum fjarskiptamarkaði.

PTA has collected data from licensed and registered operators since 2000 on a yearly basis. In addition a limited quarterly data collection was implemented in 2001. This has turned out to be too demanding for PTA as well as the smaller operators and the intensive mergers which begun on the Icelandic market in 2002 had also made it difficult to receive data from operators. When planning the market analysis in the fall of 2003, data collection process within PTA was taken into a consideration. A decision was made to move the regular data compilation in consistency with other regulators in Europe, conduct special qualitative and quantitative data collection for market analysis for the relevant 18 markets and produce consumer research and price monitoring. As from year 2004, PTA collects detailed data from operators on a semi-annually basis, the first six months in August and the overall year in February for the previous year. The following quantitative data gives an overview of the volume and developments on the Icelandic communication market.

Tafla 1. Rekstarleyfishafar símaþjónustu 1997-2003

Table 1. Telecommunications operators 1997-2003

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Almennu símanetið							
<i>Fixed network operators</i>							
Símaþjónusta á landsvísu	1	1	1	2	3	3	3
<i>National Telecommunications</i>							
Símaþjónusta milli landa	1	2 ²	2 ²	2	5	5	4
<i>International telecommunications</i>							
Farsímakerfi							
<i>Cellular mobile networks</i>							
Farsímaþjónusta	1	2	2	2	3	3	3
<i>Cellular mobile telecommunications</i>							
Netveitur¹	12	12	12
<i>Internet Service Providers (ISPs)¹</i>							

Skýring Note: Fjöldi leyfishafa Póst- og fjarskiptastofnunar sem hafa nýtt sér símrékrarleyfi frá 1. janúar 1998 er einkaréttur Landssíma Íslands var afnuminn. Figures refer to number of active operators, not number of license holders, since 1 January when the monopoly rights of the former PTT monopoly was abolished.


1 Þar með talinn aðgangur að gátt, endursala léna og netfanga. Ekki tæmandi upplýsingar. Not exhaustive information.

2 Landssími Íslands og dótturfyrirtæki hans Skíma. Iceland Telecom and its subsidiary Skíma.

Heimild Source: Póst- og fjarskiptastofnun. Post and Telecommunication Administration.

Mynd 1. Markaðshlutdeild ráðandi aðila á símamarkaði 1998-2003

Figure 1. Market shares of the incumbent telecommunications actors 1998-2003




Skýring Note: Hlutdeild Landssíma Íslands á símamarkaði. Market share of the incumbent actor, the Iceland Telecom, on the telecommunications market. Samanlögð hlutdeild í tekjum af innanlandssímtölum á fastaneti. Share of combined receipts from national call in the fixed networks. Landið var gert að einu gjaldskrársvæði á fastaneti árið 1998. The country is one tariff area in the fixed networks since in the year 1998. Hlutdeild í fjölda notenda GSM í árslok. Share of total number of users of GSM at end-of-year. **Heimild** Source: Póst- og fjarskiptastofnun. Post and Telecommunication Administration.



Mynd 2. Notendalínur í almenna símanetinu 1990-2003¹

Figure 2. Main telephone lines in the fixed network 1990-2003¹




Skýringar Notes: Tölur nálgast að sýna fjölda áskrifenda í almenna símanetinu. Skipting milli heimilistenginga og fyrirtækja- og stofnanatenginga eru nálgæðar tölur. Figures approach showing the number of telephone subscribers in the fixed network. Distribution between residential and non-residential lines are approximate figures.

¹ Ásamt ISDN stofn- og grunntengingum. Including ISDN basic and ISDN primary lines.

Heimildir Sources: EUROSTAT (Communication Services 1980-1992), Póstur og sími og fjarskiptastofnun. EUROSTAT (Communication Services 1980-1992), Póst og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna). Post and Telecommunication Authorities and Post and Telecommunication Administration.

Mynd 3. Símtöl innanlands í almenna símanetinu (PSTN/ISDN) 1990-2003

Figure 3. Telephone national traffic in the fixed networks (PSTN/ISDN) 1990-2003



Tölur 1990-1997 vísa til fjölda skrefa (viðtalsbila), annars til fjölda mínútna. Figures 1990-1997 refer to number of pulses, otherwise to number of minutes.

Heimildir Sources: Póst- og símamálastofnunin (Póstmagn og símaumferð) og Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna). Post and Telecommunication Authorities (Post Volume and Telephone Traffic) and the Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).

Tafla 2 Uppsettar línur í almenna símanetinu 1994-2003

Table 2 Access channels in the fixed telephone network and digital subscriber lines 1994-2003

Árslok End-of-year	Uppsettar línur Access channels (wired lines)			
	(PSTN) Alls ¹ Total ¹	Notendalínur í fastaneti (2B+D) Standard lines (PSTN)	ISDN grunn- tengingar (30B+D) ISDN basic (2B+D)	ISDN stofn- tengingar áskriftir (ISDN primary (30B+D)
1994	148.300	148.300	•	•
1995	148.645	148.645	•	•
1996	156.807	153.551	698	62
1997	165.390	151.700	3.425	228
1998	173.673	148.817	7.388	336
1999	184.973	145.769	12.192	494
2000	196.336	141.330	17.018	699
2001	196.528	139.300	17.379	749
2002	187.999	137.353	15.988	789
2003	192.552	135.402	15.900	845


Skýring Note: Tölur nálgast að sýna fjölda númera í almenna símanetinu. Figures approach showing telephone numbers in use in the fixed network.

¹ Samtala er fengin með því að leggja saman notendalínur í fastaneti, ISDN grunn- tengingar (sinnum tveir) og ISDN stofntengingum (sinnum 30 að hámarki). Totals are found by adding the number of standard lines, ISDN basics and ISDN primaries (as multiplied with two and 30 max, respectively).

